

PEPSI-LISTINN

- ↑ 1. (8) FÆRÐU MÉR FRÍÐ
Sálin hans Jóns míns
- ↑ 2. (4) FOR THE LOVE OF A WOMAN
Electric Light Orchestra
- ↑ 3. (5) ELDFUGLINN
Karl Örvarsson
- ↓ 4. (1) CREAM
Prince
- ↑ 5. (10) STARS
Simply Red
- ↑ 6. (9) WHEN A MAN LOVES A WOMAN
Michael Bolton
- ↓ 7. (2) CAN'T STOP THIS THING WE STARTED
Bryan Adams
- ↑ 8. (12) I WANT YOU NEAR ME
Tina Turner
- ↓ 9. (3) EVER CHANGING TIME
Aretha Franklin
- ↑ 10. (14) BLOWING KISSES IN THE WIND
Paula Abdul

Miklar sveiflur eiga sér stað á listunum þremur þessa vikuna þó svo að topplögin á tveimur stöðum séu þau sömu og í síðustu viku. Mestar sviptingarnar eiga sér stað á Pepsi-lista FM en þar nær Sálin hans Jóns míns efsta sætinu eftir glæsilegt stökk úr áttunda sætinu. Tvö næstu lög eru líka í sókn og þá taka Simply Red góða rispu með titillagið af plötunni Stars. Í New York eru þrjú ný lög á topp-tíu sem er óvenjumikið þar á bæ í einu og í raun eru bara tvö lög á listanum á niðurleið. Það er því ljóst að Prince á ekki sjö dagana sæla fram undan í efsta sætinu. Á Lundúnalistanum heldur Vick Reeves enn toppsætinu en að honum sækir lið úr öllum áttum en K-bekkurinn er einna líklegastur til að velta honum úr sessi þó svo ekki megi vanmeta vinsældir Kylie Minogue.

-SpS-

PEPSI-LISTINN

- ↑ 1. (5) STARS
Simply Red
- ↓ 2. (1) FÆRÐU MÉR FRÍÐ
Sálin hans Jóns míns
- ↑ 3. (20) VIÐ ERUM EIN
Sléttuúlfarnir
- ↑ 4. (17) ALELDA
Ný dönsk
- ↓ 5. (3) ELDFUGLINN
Karl Örvarsson
- ↑ 6. (13) NO SON OF MINE
Genesis
- ↓ 7. (4) CREAM
Prince
- ↑ 8. (-) LÁTTU MIG VERA
Sálin hans Jóns míns
- ↓ 9. (8) I WANT YOU NEAR ME
Tina Turner
- ↑ 10. (12) KEEP COMING BACK
Richard Marx

Þá er Michael Jackson kominn á kreik á ný og þessa vikuna fer hann beinustu leið í efsta sæti breska vinsældalistans. Merkilegt nokk er hann hvergi sjáanlegur á bandaríska vinsældalistanum en mér segir svo hugur að hann bæti úr því í næstu viku. Breski listinn er ekki eini listinn að þessu sinni sem skartar nýju topplagi, hinir listarnir gera það líka. Í New York er Michael Bolton tekinn við efsta sætinu af Prince og á Pepsi-lista FM kemur á óvart að Sálin hans Jóns míns dettur af toppnum eftir aðeins eina viku. Við taka Simply Red, í bili skulum við segja því íslenska jólainnrásin er hafin og lögin streyma inn á FM-listann. Þar fara nú Sléttuúlfarnir gólandi í fararbroddi en Ný dönsk fylgir alelda á eftir og neðar stormar svo Sálin hans Jóns míns fram með annað lag af væntanlegri plötu.

-SpS-